

Malbikunarstöð Hlaðbær-Colas hf
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 27. apríl 2020
UST202003-185/S.I.
08.08.01

Efni: Framlenging starfsleyfis fyrir Marini malbikunarstöð

Vísað er til erindis Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbær-Colas hf. þann 6. mars s.l. þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfinu sem gefið var út fyrir Marini malbikunarstöð sem er færleg malbikunarstöð sem undanfarið hefur staðið við Keflavíkurflugvöll.


Skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda.

Fullnægjandi starfsleyfisumsókn hefur borist fyrir stöðina.


Gildistími hins framlengda starfsleyfis rann út 1. desember 2019. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til **1. desember 2020.**

Það skal tekið fram að vinna sem fellur á Umhverfisstofnun vegna þessarar framlengingar er skráð í verkbókhald á sama hátt og önnur vinna sem varðar auglýsingu og útgáfu nýrra starfsleyfa fyrir færlegar malbikunarstöðvar fyrirtækisins og mun hún koma til viðbótar vegna uppgjors við útgáfu þeirra. Því fylgir þessari ákvörðun engin innheimta kostnaðar að svo stöddu.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri



Sigurður Ingason
sérfræðingur